

Um eigandastefnuna

Múlaþing er eigandi HEF veitna ehf. sem er B-hluta fyrirtæki sveitarfélagsins. HEF starfrækir verkefni sem sveitarstjórn hefur falið félaginu að vinna að. Verkefni falla ýmist undir skilgreiningu þess að vera lögákveðin og ólögákveðin verkefni sveitarfélaga og felast í uppbyggingu, viðahaldi og rekstri mikilvægra innviða og varða hátt hlutfall af heildarfjárhag sveitarfélagsins. Starfsemi HEF hefur jafnframt rík tengsl við verkefni og ákvarðanir á vegum sveitarfélagsins sjálfs, svo sem á sviði gatnagerðar, skipulagsmála, hafnamála og þróunar byggðar.

Með skýrri eigandastefnu er leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð eigandans og tryggja þátttöku í ákvörðunum um mikilvæg málefni og stefnumörkun, bæði í þágu rekstrar HEF og ákvarðanatöku á vegum Múlaþings sem áhrif getur haft á málefni HEF.

1. Hlutverk og starfsemi

HEF er veitufyrirtæki sem starfar innan Múlaþings. Kjarnastarfsemin er rekstur vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu og gagnaveitu á veitusvæðum samkvæmt lögum eða ákvörðunum um starfsemi á tilteknu svæði. Breytingar á veitusvæðum sem ekki leiða af löggjöf eða þátttöku HEF í annarri starfsemi, skal hljóta samþykki eiganda. Slík þátttaka skal einungis koma til greina, enda geti þekking HEF eða núverandi starfsemi nýst og starfsemin þjónað markmiðum eiganda.

2. Stefnumótun

Stefnur HEF og önnur stefnumörkun HEF skal lögð fyrir eiganda og hljóta samþykki byggðarráðs Múlaþings.

Við gerð, undirbúning eða endurskoðun stefna á vegum eiganda skal tekið til skoðunar af byggðarráði hvort viðkomandi stefna geti átt við um starfsemi HEF. Ef talið er mikilvægt að HEF taki stefnuna upp að hluta eða heild, skal það samþykkt í byggðarráði. Stjórn HEF skal þá koma að vinnu við gerð stefnunnar og taka ákvörðun samþykki stefnunnar að því marki sem snýr að HEF.

Þá er stjórn HEF einnig heimilt að notast við stefnur sveitarfélagsins að heild eða hluta sé það talið fýsilegt.

3. Fjárhagsleg markmið

HEF skal rekið í samræmi við löggjöf sem gildir um starfspætti félagsins og skal miðað við að rekstur HEF vegna hvers starfspáttar sé sjálfbær til framtíðar.

Eigandi hefur ekki markmið um að rekstur HEF standi undir arðgreiðslum vegna þess fjármagns sem bundið er í HEF. Verði breytingar þar á skal endurskoða eigandastefnu þessa.

4. Eigandafyrirsvar og eigandafundir

Sveitarstjóri Múlapings ber ábyrgð á eigandafyrirsvari sveitarfélagsins samkvæmt stefnu þessari og kemur fram fyrir hönd Múlapings sem eiganda HEF. Sveitarstjóri skal leggja fram á fundi byggðarráðs allar upplýsingar sem berast frá HEF, s.s. fjárhagsupplýsingar, þ.m.t. gjaldskrárbreytingar, tillögur fyrir eigandafundi og stjórnarfundargerðir, ásamt niðurstöðum eigandafunda.

Byggðarráð skal fjalla um málefni á dagskrá hluthafa- og aðalfunda HEF, s.s.:

- Breytingar á ákvæðum samþykka HEF.
- Tillögum sem lagðar eru fyrir hluthafafund t.d. tillögu á aðalfundi um stjórnarlaun.
- Beitingu atkvæðisréttar á hluthafafundum

Umboð eigandafyrirsvars sveitarstjóra til beitingar réttinda Múlapings sem eiganda er háð samþykki byggðarráðs vegna ofangreindra liða.

Á aðalfundum HEF skal atkvæðisrétti eiganda skipt á milli allra aðalfulltrúa í sveitarstjórn í hlutfalli við heildarfjölda sveitarstjórnarfulltrúa. Geti fulltrúi í sveitarstjórn ekki sótt aðalfund skulu varafulltrúar í sveitarstjórn fara með rétt þess sveitarstjórnarfulltrúa. Einnig er heimilt að veita öðrum umboð til að fara með réttindi sín á aðalfundi til annars aðal- eða varafulltrúa í sveitarstjórn.

5. Stjórn HEF

Við kjör nýrra aðalmanna og varamanna í stjórn HEF, skal þeim kynnt þessi eigandastefna.

6. Sérstakt samþykki eiganda vegna ákvarðanatöku

Að því marki sem ákvörðun eiganda liggur ekki þegar fyrir í samþykktum Múlapings, skulu eftirfarandi málefni HEF fá samþykki eiganda á sveitarstjórnarfundum:

- A. Fjárhags- og fjárfestingaráætlanir HEF, bæði til eins árs og næstu 3ja ára.
- B. Nýjar skuldbindingar sem ekki er fjallað sérstaklega um í lið A : Fari fjárhæð einstakra nýrra skuldbindinga HEF yfir 5% af bókfærðu eigin fé samkvæmt síðasta ársreikningi skal viðkomandi skuldbinding lögð fyrir eiganda til samþykktar áður en til hennar er stofnað.
- C. Óvenjulegar og/eða stefnumarkandi ákvarðanir, þ. á m. stækkun veitusvæða umfram það sem leiðir af lagaskyldu um viðkomandi veitustarfsemi, sbr. 1. gr. og stefnur/fjárhags-áætlanir, sbr. 2. gr.

7. Aðgangur að gögnum – upplýsingagjöf

Eigandi HEF vill skapa stjórn fyrirtækisins það umhverfi að hún geti á hverjum tíma sinnt skyldum sínum í þágu hagsmuna fyrirtækisins og innan markaðrar stefnu eiganda.

Fundagerðir stjórnar HEF skulu kynntar í byggðarráði Múlapings.

Eigandi getur kallað eftir upplýsingum og gögnum um starfsemi HEF.

Að auki skulu aðalmenn í sveitarstjórn eiga rétt á því að kynna sér gögn og upplýsingar sem liggja fyrir hjá HEF, með sambærilegum hætti og ef starfsemin væri rekin af sveitarfélaginu beint, sbr. 1. gr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Slíkar beiðnir skulu beinast að sveitarstjóra, sem hefur

heimild á grunni eigandafyrirsvars og í samráði við framkvæmdastjóra HEF, að koma því til leiðar að aðalmaðurinn geti kynnt sér gögnin.

8. Gildistaka og endurskoðun

Eigandastefna þessi sem sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 12. febrúar 2025 öðlast þegar gildi. Eigandastefna skal hljóta samþykki aðalfundar HEF.

Eigandastefnu getur sveitarstjórn endurskoðað sé þess þörf og jafnan að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Staðfest með rafrænni undirritun:

Sveitarstjóri Múlapings

Framkvæmdastjóri HEF veitna